Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fundar vikulega á keppnistímabilinu og voru reglulegir þriðjudagsfundir nefndarinnar 35 í ár. Þar fyrir utan kemur nefndin saman á aukafundum fyrir keppnistímabilið og á keppnistímabilinu sjálfu til að fjalla um einstök mál.

Fjöldi leikja í Íslandsmótum meistaraflokks karla árið 2023 voru 819 (844 leikir árið 2022). Í leikjum í Íslandsmóti meistaraflokks karla í voru veitt 4,5 gul spjöld að meðaltali í leik (4,61 árið 2022) en 0,3 rauð spjöld í leik (sama meðaltal og árið 2022 0,3). Nýjung var í Lengjudeild karla, en þar fór fram umspil um laust sæti í Bestu deild karla.

Fjöldi leikja í Íslandsmótum meistaraflokki kvenna voru 311 (271 leikir árið 2022). Í leikjum í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna voru veitt 2,1 gul spjöld að meðaltali í leik (1,9 árið 2022) en 0,09 rauð í leik (0,07 árið 2022). Þó er fjöldi spjalda misjafn á milli deilda. Sjá hér að neðan yfirlit til frekari fróðleiks:

Spjöld í deildum árið 2023 — Meðaltal spjalda á leik

| | Gul spjöld | Rauð spjöld | Leikjafjöldi | Gul spj. | Rauð spj. |
|---|---|---|---|---|---|
| Efsta deild karla | 703 | 32 | 162 | 4,3 | 0,2 |
| Lengjudeild karla | 616 | 28 | 137 | 4,5 | 0,2 |
| 2. deild karla | 691 | 42 | 132 | 5,2 | 0,32 |
| 3. deild karla | 665 | 62 | 132 | 5,03 | 0,47 |
| 4. deild karla | 433 | 77 | 90 | 4,8 | 0,36 |
| 5. deild karla | 584 | 43 | 166 | 3,5 | 0,26 |
| Samtals: | 3.692 | 240 | 819 | 4,5 | 0,30 |
| | | | | | |
| Efsta deild kvenna | 209 | 5 | 111 | 1,9 | 0,05 |
| 1. deild kvenna | 224 | 9 | 90 | 2,5 | 0,1 |
| 2. deild kvenna | 221 | 13 | 110 | 2 | 0,12 |
| Samtals: | 654 | 27 | 311 | 2,1 | 0,08 |

Sektir vegna refsistiga og brottvísana þjálfara og starfsmanna liða námu kr. 2.046.000,- keppnistímabilið 2023 sem er lækkun frá árinu 2022 (kr. 2.104.000,-). Aðrar sektir sem aga- og úrskurðarnefnd beitti vegna kærumála og annarra mála námu kr. 1.975.000,- sem er hækkun frá árinu 2022 (1.820.000,-). Aga- og úrskurðarnefnd bárust 20 kærumál og kvað nefndin upp úrskurð í öllum þeirra. Sex úrskurðum Aga- og úrskurðarnefndar var áfrýjað til Áfrýjunardómstóls KSÍ.

Drago-stytturnar eru veittar háttvísustu liðunum efstu deildum karla og kvenna en stuðst er við fjölda gulra og rauðra spjalda. Valur og Stjarnan í mfl. karla komu jöfn út í fjölda gulra og rauðra spjalda

tímabilið 2023 og hljóta bæði lið því Drago-styttuna fyrir árið 2023 í efstu deild karla. Valur hlýtur styttuna í efstu deild kvenna. Í Lengjudeild karla og kvenna eru veitt verðlaun fyrir prúðasta liðið en einnig er stuðst við fjölda gulra og rauðra spjalda. Í Lengjudeild karla var Ægir prúðasta liðið en Víkingur Reykjavík var prúðasta liðið í Lengjudeild kvenna.

Samstarfsfólki mínu í Aga- og úrskurðarnefnd og starfsmönnum nefndarinnar er þakkað gott samstarf á árinu, sömuleiðis stjórnarmönnum KSÍ, dómurum, eftirlitsmönnum, leikmönnum og forystumönnum félaga.

Gunnar Guðmundsson, formaður

## Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2023 skipuðu Borghildur Sigurðardóttir, formaður, Gísli Guðni Hall og Eva Halldórsdóttir. Varamenn voru Kolbrún Arnardóttir, Ragnar Baldursson og Unnar Steinn Bjarndal. Starfsmaður nefndarinnar var Haukur Hinriksson.

**Leikmannasamningar (leikmannssamningar og sambandssamningar):**

Þann 23. janúar 2024 eru skráðir samningar á milli leikmanna og aðildarfélaga hjá KSÍ 1155 samanlagt. Þar af eru 1046 leikmannssamningar (professional) og 109 sambandssamningar (amateur). Hlutfall skráðra leikmannssamninga hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum karla er 722 á móti 324 hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum kvenna. Hlutfall skráðra sambandssamninga hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum karla er 37 á móti 72 hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum kvenna.

**Málum vísað til nefndarinnar**

Á þessu starfsári var fimm málum vísað til nefndarinnar, en eitt þeirra var dregið til baka. Einnig, líkt og undanfarin ár, eru mörg ágreiningsefni, sem berast KSÍ, leyst af skrifstofu sambandsins og lýkur án formlegrar meðhöndlunar hjá nefndinni. Flest ágreiningsmál snúa að uppgjöri launa og leysist meirihluti þeirra mála í framhaldi af því að leikmenn senda greiðsluáskorun á félagið.

Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

***Mál 1 2023: Bergdís Fanney g. KR.***
Mál dregið til baka.

***Mál 2 2023: Keflavík g. ÍBV***
Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) tók til umfjöllunar kæru knattspyrnudeildar Keflavíkur á hendur knattspyrnudeild ÍBV vegna ágreinings aðilanna um félagaskiptagjald skv. grein 23.3. reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga vegna félagsskipta Sandra Voitane til Keflavík frá ÍBV. Gerði Keflavík þá kröfu að félaginu yrði ekki skylt að greiða ÍBV félagaskiptagjald skv. fyrrnefndu ákvæði þar sem Sandra var á 24. aldursári við samningsgerðina þann 3. janúar 2023 og því ætti félagskiptagjaldið ekki við. Gerði ÍBV þá kröfu að Keflavík yrði skylt að greiða umrætt félagaskiptagjald.

Í umræddri grein 23.3. reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga kemur m.a. fram að ef leikmaður sem hefur verið samningsbundinn, en samningum er lokið, gerir samning við nýtt félag á því almanaksári sem leikmaðurinn verður 23 ára eða fyrr, ber hinu nýja félagi að greiða fyrra félaginu félagskiptagjald í samræmi við ákvæði 23.2., enda liggi fyrir að fyrra félagið hafi boðið leikmanninum samning með sannanlegum hætti a.m.k. 30 dögum áður en að síðasti samningur rann út. Slíkt samningstilboð þarf að vera a.m.k. jafnmikils virði fyrir leikmanninn og sá samningur sem var að renna út. Hafi ekkert tilboð legið fyrir, kemur ekki til greiðslu félagaskiptagjalds, skv. áðurnefndu ákvæði 23.2.

Af gögnum málsins lá fyrir að leikmannasamningur milli Keflavík og Sandra var undirritaður þann 3. janúar 2023 en munnlegt samkomulag hafði náðst á milli aðilanna í nóvember 2022 og í kjölfarið tilkynnti félagið komu leikmannsins. Sandra er fædd árið 1999 var þar af leiðandi á 24. aldursári við undirritun samningsins.  SF taldi að þrátt fyrir að Keflavík hefði tilkynnt komu leikmannsins til félagsins í nóvember 2022 hafi enginn skriflegur og undirritaður samningur legið fyrir á milli samningsaðila fyrr en 3. janúar 2023. Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu og leikmanna og félaga gerir kröfur til formskilyrða leikmannasamninga, t.d. að samningar séu skriflegir. SF komst að þeirri niðurstöðu að ÍBV gat ekki byggt rétt sinn til greiðslu á félagaskiptagjaldi á öðru en skriflegum samningi í samræmi við

áðurnefnt ákvæði. Skriflegur samningur var gerður á milli Sandra Voitane og Keflavíkur er leikmaðurinn var kominn á sitt 24. aldursár og Keflavík því ekki skylt að greiða ÍBV félagaskiptagjald.

***Mál 3 2023: Kormákur/Hvöt g. framkvæmdastjóra KSÍ***

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ (SF) barst bréf frá Kormáki/Hvöt (K/H) þann 30. ágúst 2023 þar sem áfrýjað var ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ að hafna beiðni (K/H) um undanþágu á félagaskiptum markvarðar í samræmi við ákvæði greinar 10.2. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Krafa K/H í málinu var að snúa við ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ ásamt umsókn um undanþágu fyrir félagaskipti markmanns heimiluð á grundvelli ákvæðis greinar 10.2.

SF taldi að undanþáguákvæði greinar 10.2. reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga- og stöðu leikmanna og félaga skyldi einungis vera beitt við sérstakar aðstæður og í samræmi við fyrri úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar. Fordæmi eru fyrir því að meiðsli markmanns hafi verið talið „ríkar ástæður" í skilningi ákvæðisins. Í umræddu tilviki voru atvik þó með þeim hætti að hinn meiddi markmaður hafði verið úrskurðaður í fjögurra leikja bann þegar þrjár umferðir voru eftir af keppnistímabilinu. Niðurstaða SF var því að slíkt gæti ekki talist „ríkar ástæður" í skilningi ákvæðisins til að veita undanþágu frá almennum reglum um félagaskipti. Á grundvelli framangreinds staðfesti nefndin niðurstöðu framkvæmdarstjóra KSÍ um synjun á beiðni K/H.

***Mál 4 2023: Sverrir Páll Hjaltested gegn Val***

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ (SF) barst kæra frá Sverri Páli Hjaltested (SPH) þann 27. febrúar 2023, á hendur knattspyrnudeild Vals (Valur) vegna ágreinings aðila um bótaskyldu vegna tilkynningar um meiðsli SPH. SPH gerði kröfu um að Valur yrði lýst bótaskylt vegna vanrækslu á tilkynningu líkamstjóns, sem SPH varð fyrir á æfingu hjá félaginu þann 16. janúar 2020, til vátryggingarfélags. Valur gerði kröfu um að hafnað yrði viðurkenningarkröfu kæranda um bótaskyldu kærða.

Ágreiningur málsaðila snerist um hvort það hafi verið SPH eða Valur, sem hafi borið að tilkynna til vátryggingarfélags meiðsli sem SPH varð fyrir á æfingu hjá Val þann 16. janúar 2020 og þá innan tilskilinna tímamarka samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Enginn ágreiningur var um meiðsli leikmannsins, né um skyldu Vals til að kaupa tryggingu fyrir leikmanninn, sem skyldi taka til slysa og meiðsla við æfingar og keppni. Fyrir lá að félagið keypti tryggingu líkt og kveðið var á um í leikmannssamningi aðila. Valur tilkynnti Vátryggingafélagi Íslands (VÍS) um slysið rúmum tveimur árum og 8 mánuðum eftir að slysið varð. VÍS neitaði SPH um bætur þar sem ekki hefði verið tilkynnt um slysið innan tímamarka samkvæmt 1. mgr. 124 gr laga nr. 30/2004. Í skilmálum slysatryggingar íþróttamanna er vísað til laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sem giltu um vátrygginguna. Af 3. mgr. 28. gr. og 124. gr. laga nr. 30/2004 leiðir að sá sem er vátryggður ber að tilkynna vátryggingarfélagi án ástæðulauss dráttar um að vátryggingaratburður hafi orðið. Í umræddu tilviki er SPH sá vátryggði og því hvíldi tilkynningarskyldan á honum en ekki Val. Að framangreindu virtu féllst nefndin ekki á að Valur beri bótaábyrgð gagnvart SPH.

***Mál 5 2023: Dagur Ingi Valsson gegn Keflavík***

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ (SF) barst erindi frá Degi Inga Valssyni (DIV) þann 28. nóvember 2023, þar sem lagt var fyrir nefndina ágreiningsefni á milli DIV og Knattspyrnudeildar Keflavíkur (Keflavík). Krafa DIV í málinu var að viðurkennt yrði að DIV hafi réttmæta ástæðu (just cause) til að rifta leikmannssamningi sínum við Keflavík. Krafa Keflavíkur var að SF hafni kröfu DIV um riftun á samningi og að félaginu yrði úrskurðaður málskostnaður úr hendi hans að mati nefndarinnar.

Málsatvik voru með þeim hætti að aðilar gerðu með sér leikmannasamning með gildistíma frá 01.10.2022 til 31.12.2024. Óumdeilt var í málinu að Keflavík barst bréf frá lögfræðingi DIV þann 22. nóvember 2023 þar sem krafist var greiðslu vangoldinna launa og endurgreiðslu á útlögðum kostnaði. Var greiðsla samkvæmt upphæð í kröfubréfi innt af hendi samdægurs af hálfu Keflavíkur til DIV. Þann

24. nóvember 2023 barst Keflavík bréf frá lögfræðingi DIV þar sem óskað var eftir samþykki Keflavík um sameiginlega uppsögn á samningi við DIV. Keflavík hafnaði uppsögn á samningum.

Í athugasemdum við 16. gr. grein reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga í dreifibréfi nr. 8/2021 kemur fram að það sé hlutverk SF að meta tilvist réttmætrar ástæðu (just cause) hverju sinni. Ganga skal út frá því að leikmannssamningur á milli félags og leikmanns sé skuldbindandi samningur sem fellur aðeins úr gildi við lok gildistíma hans, nema aðilar slíti samningssambandinu fyrr með gagnkvæmu samkomulagi. Einungis í undantekningartilvikum geti samningsaðili rift samningi án afleiðinga af nokkru tagi ef réttmæt ástæða er fyrir hendi, sbr. niðurstöðu SF í máli nr. 6/2022. Í greinargerð DIV til nefndarinnar vísaði hann til þess að greiðslur frá Keflavík hafi borist sér seint yfir samningstímann og um verulega vanefnd sé að ræða. Að mati SF verður af gögnum málsins ráðið að DIV hafi ekki sent félaginu sérstaka skriflega áskorun um efndir á samningnum fyrr en 22. nóvember 2023. Að mati nefndarinnar beri að veita félagi 15 daga frest til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar að fullu eftir að félagi er tilkynnt skriflega um vanskil, sbr. grein 16.3 reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Í málinu lá fyrir að Keflavík hafi gert upp sínar fjárhagslegu skuldbindingar sama dag og félaginu var tilkynnt skriflega um vanskilin, eða innan tilskilins tímafrest skv. grein 16.3. Að auki samsvarar krafa DIV í málinu ekki tveimur mánaðarlaunum samkvæmt samningi aðila en gerður er áskilnaður um slíkt í fyrrnefndi grein 16.3. Að framangreindu virtu var það mat nefndarinnar að DIV hafi ekki tekist að sýna fram á tilvist réttmætrar ástæðu sem heimili honum til að rifta samningi hans við Keflavík, hvorki samkvæmt grein 16.2 né samkvæmt grein 16.3. reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Vegna kröfu Keflavíkur um greiðslu málskostnaðar úr hendi DIV var hafnað af nefndinni, þar sem ekki er að finna heimild í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga til að úrskurða um málskostnað, sbr. einnig niðurstöðu SF í máli nr. 3/2019.

## Umboðsmenn í knattspyrnu

Um áramót 2023/2024 voru 8 skráðir umboðsmenn í knattspyrnu hjá KSÍ. Það er þeir: Elías Njarðarson, Guðlaugur Tómasson, Gylfi Sigurðsson, Halldór Ragnar Emilsson, Magnús Agnar Magnússon, Ólafur Garðarsson, Saint Paul Edhe og Sigurður Freyr Sigurðsson.

## Félagaskipti

Hafsteinn Steinsson hafði að mestu umsjón með afgreiðslu félagaskipta á árinu. Árið 2023 voru 2.836 félagaskipti afgreidd samanborið við 3.044 árið 2022. Að þessu sinni voru flest félagaskipti afgreidd í febrúar, 705, og mars, 427.

Framkvæmdastjóra KSÍ bárust alls fimm óskir um undanþágur vegna félagaskipta markvarða utan félagskiptatímabils á árinu. Samþykktar voru alls þrjár óskir um undanþágur, þ.e. beiðnir frá Fram, Grindavík og Kára. Tveimur óskum um undanþágum var hafnað, þ.e. beiðnum frá Kormáki/Hvöt og Þrótti Vogum.

Hér fyrir neðan má sjá tölfræði um félagaskipti.

| | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi félagaskipta** | 2.836 | 3.044 | 2.803 | 2.681 | 2.859 | 2.471 | 2.558 | 2.739 | 2.353 | 2.221 | 2.404 |

## Lokaorð

Ég vil þakka nefndarmönnum samninga- og félagaskiptanefndar kærlega fyrir þeirra frábæru störf á þessu ári. Þá færi ég þakkir til starfsmanns nefndarinnar, Hauks Hinrikssonar. Starfsfólki skrifstofunnar er einnig þakkað fyrir sín góðu störf. Það er mikill akkkur fyrir sambandið að hafa eins öflugan mannauð innan sinna vébanda og raun ber vitni, knattspyrnuhreyfingunni allri til heilla.

Borghildur Sigurðardóttir, formaður

## Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2023-2024: Pálmi Haraldsson, formaður, Guðrún Jóna Kristjánsdóttir, Gunnar Már Guðmundsson, Sigríður Baxter Þorláksdóttir, Þórður Einarsson og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Arnar Bill Gunnarsson, fræðslustjóri, og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 3 bókaða fundi á starfsárinu.

**Þjálfaramenntun**
KSÍ býður upp á átta þjálfaragráður – KSÍ C, KSÍ B, KSÍ A, KSÍ Pro þjálfaragráður, KSÍ B Markmannsþjálfaragráðu, KSÍ A Markmannsþjálfaragráðu, KSÍ Barna- og unglingaþjálfun og KSÍ Afreksþjálfun unglinga. Allar þessar þjálfaragráður hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum aðildarríkjum UEFA. Fyrsta KSÍ Barna- og unglingaþjálfunar námskeiðið var haldin á árinu 2023.

| **Þjálfaragráða** | **Fjöldi** | **Karlar** | **Konur** |
|---|---|---|---|
| KSÍ C þjálfaragráða | 1.180 | 898 | 282 |
| KSÍ B þjálfaragráða | 606 | 537 | 69 |
| KSÍ A þjálfaragráða | 235 | 217 | 18 |
| KSÍ Pro þjálfaragráða | 29 | 25 | 4 |
| KSÍ Afreksþjálfun unglinga | 49 | 44 | 5 |
| KSÍ B Markmannsþjálfaragráða | 9 | 8 | 1 |
| KSÍ A Markmannsþjálfaragráða | 22 | 22 | 0 |
| Samtals: | 2.130 | 1.751 | 379 |

**Námskeiðahald**
KSÍ hélt sitt fyrsta KSÍ Barna- og unglingaþjálfunar námskeið á árinu 2023. Á þessu námskeiði er einblínt á þjálfun í 5. og 4. aldursflokki. 16 þjálfarar hófu námið í nóvember og ætlunin er að útskrifa fyrsta hópinn 2024. Annað KSÍ B Markmannsþjálfaranámskeiðið hóf einnig göngu sína á árinu 2023 þar sem 12 þjálfarar hófu nám.
KSÍ útskrifaði 11 þjálfara með KSÍ Pro þjálfaragráðu á árinu. Þetta var annar hópurinn sem klárar þetta námskeið hér á landi.
16 þjálfarar sátu námskeið fyrir leiðbeinendur í nóvember. Allt eru þetta reyndir leiðbeinendur í starfi KSÍ og fengu þeir KSÍ A leiðbeinenda diplómu í lok námskeiðsins.
Aldrei áður hefur KSÍ boðið upp á jafn margar þjálfaragráður og í takt við kröfur knattspyrnu-samfélagsins er sérhæfingin sífellt að verða meiri.




Skýringamynd af uppbyggingu námskeiða má finna hér fyrir neðan.

KSÍ hélt 37 fræðsluviðburði á árinu fyrir 816 þátttakendur.
Fræðsludeildin nýtti sér Canvas kennsluforritið í auknum mæli, þá sérstaklega á KSÍ C og B þjálfaragráðum. Canvas gerir KSÍ kleift að senda þátttakendum upptöku af fyrirlestrum og verkefni sem þátttakendur eiga að horfa á og vinna áður en þau mættu á námskeið. Þátttakendur hafa líst yfir ánægju sinni með þetta fyrirkomulag þar sem nú geta þau horft á fyrirlestrana þegar þeim hentar og kennslan er mun meira í formi umræðna og hópavinnu.
Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á námskeiðunum okkar og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

**Þjálfaraskóli KSÍ**
Þjálfaraskóli KSÍ stendur áfram öllum þjálfurum aðildarfélaganna til boða og er hugmyndin á bak við skólann að reyndur KSÍ kennari deili reynslu sinni og þekkingu. KSÍ B þjálfaraskóli er nú hluti af svokölluðu KSÍ B 4 þjálfaranámskeiði. Það þýðir að allir þjálfarar sem klára KSÍ B þjálfaragráðuna, þurfa að taka KSÍ B þjálfaraskólann. Allir þjálfarar sem sækja um að komast á KSÍ A 2 þjálfaranámskeiðið þurfa að taka KSÍ A þjálfaraskólann, en árið 2015 var í fyrsta sinn boðið upp á hann. Þjálfaraskólinn er því hluti af þessum tveimur þjálfaragráðum, KSÍ A og KSÍ B.

**Reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara**
Reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara má finna hér á heimasíðu KSÍ.

**Fræðsluviðburðir KSÍ árið 2023**

***Alls 37 fræðsluviðburðir og 816 þátttakendur***

| Dagsetning | Viðburður | Þátttakendur |
|---|---|---|
| 28.-29. janúar | KSÍ Pro - Leikgreining | 13 |
| 6.-8. mars | KSÍ Pro - Námsferð til Nyon | 13 |
| 21-22. apríl | KSÍ Pro - Áætlanagerð (Chris Barnes) | 13 |
| 30. apríl | KSÍ Pro - Áætlanagerð (Óskar Hrafn) | 13 |
| 2. maí | KSÍ Pro - Áætlanagerð (Tom Joel) | 13 |
| 9. júní | KSÍ Pro - Framkoma í fjölmiðlum | 13 |
| Júní-ágúst | KSÍ Pro - Hópaverkefni í félögum | 13 |
| 10. nóvember | KSÍ Pro - Double Pass | 19 |
| 11. nóvember | KSÍ Pro - Greining á Meistaradeild Evrópu (Mixu Paatelainen) | 13 |
| Júní - Ágúst | KSÍ A þjálfaraskóli | 12 |
| 23.-24. september | KSÍ A 1 þjálfaranámskeið | 16 |
| 4. október | KSÍ A 2 þjálfaranámskeið (Leikgreining) | 12 |
| 20.-24. október | KSÍ A 2 þjálfaranámskeið (námsferð til Danmerkur) | 13 |
| 9.-10. september | KSÍ A 2 þjálfaranámskeið (Tímabilaskipting) | 14 |
| 10. janúar | KSÍ A 3 þjálfaranámskeið | 18 |
| 30.sept.-1.okt. | KSÍ B 1 þjálfaranámskeið | 18 |
| 14.-15. október | KSÍ B 1 þjálfaranámskeið | 33 |
| 11.-12. nóvember | KSÍ B 2 þjálfaranámskeið | 25 |
| 25.-26. nóvember | KSÍ B 2 þjálfaranámskeið | 32 |
| 7.-8. janúar | KSÍ B 4 þjálfaranámskeið | 24 |
| Janúar - Apríl | KSÍ B þjálfaraskóli | 35 |
| 14.-15. janúar | KSÍ C 1 þjálfaranámskeið | 47 |
| 21.-22. janúar | KSÍ C 1 þjálfaranámskeið | 33 |
| 4.-5. febrúar | KSÍ C 2 þjálfaranámskeið | 28 |
| 11.-12. febrúar | KSÍ C 2 þjálfaranámskeið | 34 |
| 21.-22. október | KSÍ C 1 þjálfaranámskeið (Reyðarfjörður) | 8 |
| 22.-23. apríl | KSÍ Grunnnámskeið í markmannsþjálfun | 11 |
| 28.-29. október | KSÍ B Markmannsþjálfaranámskeið (KSÍ B M 1) | 12 |
| 27.-29. október | KSÍ Barna- og unglingaþjálfun (KSÍ B U 1) | 16 |
| 27. júní | Súpufundur KSÍ - Íþróttasálfræði (Thomas Danielsen) | 32 |
| 18. febrúar | Endurmenntunarnámskeið - Data and Analysis in Football | 36 |
| 11. nóvember | Endurmenntunarnámskeið - Double Pass og Mixu Paatelainen | 62 |
| 19. maí | Endurmenntunarnámskeið - Fitness þjálfun ungmenna (Magni Mohr) | 29 |
| 20. maí | Endurmenntunarnámskeið - Líkamlegar kröfur í fótbolta (Magni Mohr) | 25 |
| 24. febrúar | Einelti, samskipti og forvarnir (Vanda Sigurgeirsdóttir) | 41 |
| 19. maí | Fótbolta Fitness (Magni Mohr) | 11 |
| 18.-19. nóvember | KSÍ A Leiðbeinendanámskeið | 16 |
| | Samtals: | 816 |

## Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2014-2023




## Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2014-2023



## Skýrsla grasrótarnefndar

Í Grasrótarnefnd KSÍ árið 2023 sátu: Trausti Hjaltason, formaður, Eva Dís Pálmadóttir, Oddný Eva Böðvarsdóttir, Ómar Bragi Stefánsson, Petra Lind Einarsdóttir, Rúnar Már Sverrisson, Sigrún Ríkharðsdóttir og Tinna Hrund Hlynsdóttir. Starfsmaður hópsins var Sóley Guðmundsdóttir.

**Grasrótarverkefni árið 2023**
Stærsta grasrótarverkefni ársins var verkefnið *Komdu í fótbolta með Mola*. Var þetta fimmta sumarið í röð sem Siguróli Kristjánsson, betur þekktur sem Moli, ferðaðist um landið og heimsótti minni sveitarfélög. Verkefnið stóð yfir frá maí til september. Á þessu tímabili heimsótti Moli 62 staði og hitti þar um 1700 börn. Markmiðið með verkefninu var að efla áhuga iðkenda á knattspyrnu og styðja við bakið á knattspyrnustarfinu á hverjum stað fyrir sig. KSÍ kann bestu þakkir þeim sveitarfélögum sem tóku vel á móti Mola.

Háttvísiviðurkenningum Landsbankans og KSÍ var úthlutað í sumar. Öllum félögum sem skipuleggja mót í yngri flokkum bauðst að fá viðurkenningar til afhendingar. Samtals voru afhentar 39 háttvísi-viðurkenningar á opnum mótum félaganna í öllum flokkum hjá stelpum og strákum.

Verkefnið *Verndarar barna*, samstarfsverkefni KSÍ og Barnaheilla – Save the Children, fór af stað í sitt annað og seinna ár haustið 2023. Verkefnið er samstarfsverkefni til tveggja ára þar sem markmiðið er að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, læra að þekkja einkenni ofbeldis og hvernig bregðast skal við. Sérfræðingur frá Barnaheillum heimsækir knattspyrnufélög um allt land og heldur námskeið í verndun barna, félögunum að kostnaðarlausu. Námskeiðið er opið öllum þeim sem starfa að einhverju leyti hjá viðeigandi knattspyrnufélagi, foreldrum og sjálfboðaliðum. Markmið og einlæg von KSÍ og Barnaheilla er að öll aðildarfélög KSÍ fái heimsókn og fræðslu.

Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir var ráðin í sumarstarf hjá KSÍ þar sem hún sá um verkefnið „Fótbolti fyrir alla“. Markmiðið með verkefninu var að efla starf fatlaðra innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Gunnhildur heimsótti 23 félagsmiðstöðvar og sumarnámskeið fyrir einstaklinga með sérþarfir og bauð upp á fótboltaæfingar. Í heimsóknum sínum hitti hún tæplega 300 börn og unglinga.

Fótboltafjör KSÍ, Special Olympics og HÍ var haldið í september. Var fótboltafjörið fyrir einstaklinga með sérþarfir og settu nemendur úr Íþróttafræðideild HÍ upp þrautir og leiki þar sem lögð var áhersla á að allir gætu tekið þátt.

Í janúar var haldinn ráðstefnan „Deilum því sem vel er gert“ fyrir barna- og unglingaráð aðildarfélaga KSÍ. Markmiðið með ráðstefnunni var að félögin myndu læra hvert af öðru og koma af stað samtali sín á milli. Átta erindi voru á dagskrá:

- Yfirþjálfarar yngri flokka – Hlutverk yfirþjálfara yngri flokka, byggt á niðurstöðum Mastersverkefnis Aðalbjarnar Hannessonar frá HR – Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóri KSÍ
- Dómaramál – Halldór Breiðfjörð Jóhannsson - Utanumhald um dómaramál hjá félögunum.
- Sjálfboðaliðar – Jóhann Þór Jónsson sagði frá sjálfboðaliðum innan Breiðabliks með áherslu á Símamótið.
- Fjáraflanir – Þorvar Hafsteinsson sagði frá netfjáröflun HK.
- Linda Dagmar Hallfreðsdóttir og Páll Guðmundur Ásgeirsson fluttu erindi um mótamál þar sem einblínt var á skipulag í kringum Norðurálsmótið á Akranesi.

- Linda Guðmundsdóttir, íþróttafulltrúi Þórs á Akureyri, kynnti hvernig þau hafa innleitt hugarþjálfun í starf sitt.
- Páll Árnason annar af yfirþjálfurum yngri flokka hjá Stjörnunni sagði frá verkefni sem undirbýr unga iðkendur fyrir meistaraflokk – Skipting yngri flokka í Stjörnustarf og afreksstarf.
- Jörundur Áki Sveinsson sviðsstjóri knattspyrnusviðs sagði meðal annars frá landsliðsstiganum og hvernig félögin geta hjálpað landsliðsþjálfurum í sinni vinnu t.d. með umgjörð leikja og samtali við landsliðsþjálfara.

Einnig var rætt um fyrirhugaða handbók KSÍ um starfsemi barna- og unglingaráða.

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, hélt fyrirlesturinn „Einelti, samskipti og forvarnir“ á Ísafirði.

Í maí var haldin kynning á fótbolta fitness. Magni Mohr hélt fyrirlestur og æfingu á Laugardalsvelli. Magni, sem kemur frá Færeyjum, er doktor í þjálfunarlífeðlisfræði.

KSÍ, Blindrafélagið og Samtök íþróttafréttamanna skrifuðu undir samstarfssamning vegna sjónlýsingar á A landsleikjum Íslands í fótbolta. Samningurinn felur í sér að félagsmenn Blindrafélagsins geta sótt um þjónustuna á öllum landsleikjum á Laugardalsvelli hjá A landsliðum karla og kvenna í fótbolta. Fyrsta sjónlýsingin á knattspyrnuleik á Íslandi fór fram þann 17. júní þegar A landslið karla tók á móti Slóvakíu í undankeppni EM 2024.

Í maí var skipaður 8 manna starfshópur um kynjajafnrétti innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Hópnum er ætlað að skoða stöðu kynjajafnréttis innan knattspyrnuhreyfingarinnar og leggja fram tillögur að markvissum aðgerðum til að auka kynjajafnrétti. Í starfshópnum, sem fundaði fyrst 14. júní, eru fulltrúar KSÍ, Hagsmunasamtaka knattspyrnukvenna, sambands íslenskra sveitarfélaga, forsætisráðuneytisins og ÍTF.

KSÍ og sprotafyrirtækið SoGreen gerðu samning til fimm ára þess efnis að KSÍ kaupi kolefniseiningar af SoGreen. Fyrsta verkefni SoGreen hófst í janúar 2023, í samstarfi við hjálparsamtökin FAWE í Sambíu, og felur í sér að tryggja um 200 stúlkum í Monze-héraði fulla fimm ára gagnfræðiskólamenntun. Kolefniseiningarnar myndast við þá forðun í losun gróðurhúsalofttegunda sem verður þegar stúlkum er tryggð menntun, en menntun er ein áhrifaríkasta leiðin til þess að fyrirbyggja barnahjónabönd og þungun táningsstúlkna sem knýja mikinn hraða fólksfjölgunar í fátækum samfélögum í framlínunni í baráttunni við loftslagsvána.

**Iðkendafjöldi**

ÍSÍ tekur árlega saman tölfræði yfir iðkanir hjá sérsamböndum. Tölur sem birtar voru í árslok 2023 voru fyrir árið 2022. KSÍ er það sérsamband sem er með flestar iðkanir allra sérsambanda innan ÍSÍ. Í tölum sem birtar voru í desember 2023 segir að iðkanir í knattspyrnu árið 2022 hafi verið 28.391 talsins sem er örlítil aukning frá 2021.

| Kyn | Aldursbil | Iðkanir |
|---|---|---|
| Annað | 17 ára og yngri | 3 |
| Karlar | 17 ára og yngri | 15,264 |
| Konur | 17 ára og yngri | 8,843 |
| Annað | 18 ára og eldri | 1 |
| Karlar | 18 ára og eldri | 3,296 |
| Konur | 18 ára og eldri | 984 |
| **Samtals iðkanir** | | **28,391** |

Skilgreining á iðkun (iðkanir):

Iðkun segir til um fjölda iðkana í hverju félagi, íþróttagrein eða innan íþróttahéraðs. Hver einstaklingur getur verið iðkandi í mörgum greinum og jafnvel er hægt að telja sama einstaklinginn oftar en einu sinni í hverri íþróttagrein, svo framarlega sem hann stundar greinina með fleiri en einu félagi.
https://www.isi.is/um-isi/utgafa/myndraen-tolfraedi/2022/

## Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirtaldir einstaklingar árið 2023: Unnar Stefán Sigurðsson, formaður, Bjarni Þór Hannesson, Eyrún Linnet, Inga Rut Hjaltadóttir, Jón Runólfsson, Jón Sigurður Pétursson, Kristján Ásgeirsson, Viggó Magnússon og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Birkir Sveinsson, sviðsstjóri innanlandssviðs og mótastjóri sambandsins, ásamt nýjum starfsmanni nefndarinnar, Fannari Helga Rúnarssyni, leyfisstjóra.

### Verkefni mannvirkjanefndar árið 2023

Verkefni nefndarinnar voru sem fyrr að vera stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar í mannvirkjamálum og veita umsögn um umsóknir í mannvirkjasjóð KSÍ. Starfsmaður nefndarinnar með hjálp nefndarmanna, svaraði ýmsum fyrirspurnum aðila sem hyggja á framkvæmdir eins og kostur er.

#### Vallarleyfi

Að venju annast nefndin útgáfu vallarleyfa í efstu deildum. Vallarleyfi eru að öllu jöfnu gefin út til tveggja ár í senn, nema í þeim tilfellum þar sem vallarleyfi eru afgreidd með undanþágu. Voru þau samþykkt af stjórn KSÍ 29. mars 2023.

*Eftirfarandi vallarleyfi voru afgreidd í vallarflokki B til tveggja ára:*

- Stjörnuvöllur til 31.12.2024

*Eftirfarandi vallarleyfi voru afgreidd með undanþágu í vallarflokki B til eins árs:*

- KA – völlur, undanþága vegna fjölda sæta og þaks á stúku 31.12.2023

*Eftirfarandi vallarleyfi voru afgreidd í vallarflokki C til tveggja ára:*

- Fjölnisvöllur
- Leiknisvöllur
- Njarðvíkurvöllur
- Sauðárkróksvöllur
- Selfossvöllur
- Þórsvöllur
- Þróttarvöllur

#### Mannvirkjasjóður KSÍ

Fjórtán umsóknir bárust í mannvirkjasjóð KSÍ fyrir árið 2023, í heildina voru þetta sjö félög sem sóttu um í sjóðinn og var heildarkostnaður við áætlaðar framkvæmdir 594 miljónir króna. Til úthlutunar úr sjóðnum árið voru 40.346.491 milljónir. Um var að ræða síðasta ár mannvirkjasjóðsins, en tímabil núverandi mannvirkjasjóðs var frá 2020 – 2023.

#### Erindi á formanna og framkvæmdastjórafundi

Á formanna- og framkvæmdastjóra fundi í nóvember héldu tveir fulltrúar úr mannvirkjanefnd erindi um mögulega uppbyggingu á Laugardalsvelli. Bjarni Hannesson fjallaði um vallaryfirborð gervigras, gras og hybrid. Áhersla Bjarna í sínu erindi var að auka fræðslu og þekkingu aðila í hreyfingunni á hinum ýmsu tegundum keppnisgrass og þá aðallega á hybrid grasi. Þorbergur Karlsson fjallaði á hinn bóginn um tillögu að framkvæmdatilhögun á endurbótum á Laugardalsvelli, bæði utanhúss og innan. Þessar tillögur koma fram í skýrslu sem hann gerði um Laugardalsvöll og þær nauðsynlegu endurbætur sem þyrfti að ráðast í á vellinum og hvaða kröfur eru gerðar til þjóðarleikvangs.

Á seinni hluta fundarins fjallaði Þorbergur Karlsson um bann við innfylliefnum sem innihalda örplast í þriðju kynslóð gervigrass. Bannið var samþykkt af Evrópusambandinu 15. október. Aðlögunartími er 8 ár og tekur bannið gildi í október árið 2031. Farið var yfir nokkrar hliðar á banninu og hvað það mun hafa í för með sér.

**Bann við notkun innfylliefna**

Evrópusambandið samþykkti á haustmánuðum bann við notkun innfylliefna í þriðju kynslóð gervigrass. Bann þetta hefur legið í loftinu í nokkurn tíma eftir að ECHA (European Chemicals Agency) gerði tillögu að því til Evrópuráðsins. Upphaflega gerðu tillögur ráð fyrir að bannið tæki gildi um leið og það yrði samþykkt af Evrópuráðinu. Líklegt var að gefinn yrði 6 ára aðlögunartími en breyttist aðlögunartíminn í 8 ár en félög innan UEFA höfðu sett þrýsting á að lengja aðlögunartímann. Bent hefur verið á það að engin lausn hefur enn komið fram sem kemur í stað þeirra innfylliefna sem nú eruð notuð. Mikil þróun og rannsóknir eru að eiga sér stað í tengslum við nýjar tegundir innfylliefna ásamt því að tilraunir með nýjar tegundir gervigrass eru að eiga sér stað sem eiga að geta uppfyllt nauðsynlegar kröfur knattspyrnugrass. Eins og komið hefur fram áður mun þetta hafa veruleg áhrif hér á landi. Við gildistöku bannsins þarf að taka tillit til þess við öll áform um endurnýjun og nýframkvæmdir við gervigrasvelli á næstu árum. Mannvirkjanefnd KSÍ fylgist náið með gangi mála í þessum efnum og er samstarf með knattspyrnusamböndum norðurlandanna þar sem um sameiginlega hagsmuni er að ræða m.a veðurfar.

Mannvirkjanefndin vill þakka aðildarfélögum KSÍ fyrir samstarfið á liðnu ári. Ég þakka nefndarmönnum og konum mannvirkjanefndar fyrir óeigingjarnt starf í þágu íslenskrar knattspyrnu og knattspyrnumannvirkja, það er ómetanlegt að geta leitað í slíkan viskubrunn. Að lokum vill formaður mannvirkjanefndar koma með hvatningu til félaga að nýta sér þá kunnáttu og þekkingu sem að mannvirkjanefndin býr yfir.

Unnar Stefán Sigurðsson, formaður.